

**Ed.**

**332. Frumvarp til laga**

**[132. mál]**

um framlenging á gildi laga nr. 73 1958, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

**1. gr.**

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 73 1958, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959, sbr. og lög nr. 2 1959, skal gilda til 1. maí 1959.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frv. þetta er flutt samkv. beiðni fjármálaráðherra. Nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um málið. Frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir:

Þar sem fyrirsjáanlegt er, að afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1959 muni eigi verða lokið fyrir 1. apríl n. k., er með frv. þessu lagt til, að framlengd verði til 1. maí n. k. heimild sú, er felst í lögum nr. 73 1958, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959, sbr. og lög nr. 2 1959, um framlengingu þeirra laga.